



Fundargerð

3. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 10. nóvember 2025, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Forföll:

Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá fundar:

- Verkefni undanfarins mánaðar og það sem er framundan
- Önnur mál

Verkefni undanfarinn mánuð og framundan

Markaðsmál

Fjölbreytt vinna á sér stað í hverjum mánuði þegar kemur að markaðsmálunum og er hér fjallað um helstu verkefnin en auk þeirra er alltaf vinna í gangi með vefinn og samfélagsmiðla.

Sýningar

Markaðsstofa Suðurlands tók þátt í einni stærstu ferðasýningu í heimi, **World Travel Market**, sem haldin er í London dagana 4.– 6. nóvember. Á sýningunni voru yfir 180 lönd kynnt af um 4000 fulltrúum og hana heimsækja yfir 46 þúsund manns þessa daga sem hún er haldin. Íslandsstofa heldur utan um Íslandsbásinn en á básnum voru einnig fulltrúar frá Markaðsstofum

landshlutanna. Um 25 fyrirtæki voru á Íslandsbásnum en af þeim voru 7 samstarfsfyrirtæki hjá Markaðsstofunni.

Atvinnuvegaráðherra, Hanna Katrín Friðriksson, ásamt fylgdarliði heimsótti sýninguna og Íslandsbásinn. Ragnhildur framkvæmdastjóri tók þátt fyrir okkar hönd og kynnti hvað Ísland og Suðurland hefur upp á að bjóða ásamt að koma á tengingum ferðasala og fyrirtækja á básnum.

Á Íslandsbásnum voru fulltrúar 25 fyrirtækja (þar af 7 í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands), Íslandsstofu, PR stofunnar Finn Partners og fimm Markaðsstofa landshlutanna. Þá var Stjörnu Sævar með erindi á miðvikudeginum um norðurljós, sólmyrkva og stjörnuskoðun á Íslandsbásnum og mættu fjöldi gesta til að kynna sér efnið.

Fyrir sýningu voru undirbúningsfundir með Íslandsstofu, markaðsstofunum og fyrirtækjum þar sem var farið í gegnum fyrirkomulag. Einnig var haldinn upplýsingafundur með Finn Partners ásamt því að við sendum þeim fréttir af Suðurlandi ásamt myndefni.

Framkvæmdastjóri sótti sömu ferðasýningu í fyrra og var hennar tilfinning að það væru mun fleiri gestir núna, sem og mikill áhugi á Íslandi.

Vestnorden

Vestnorden var haldin á Akureyri um mánaðarmótin sept/okt og heppnaðist mjög vel. Í kjölfarið fer fram úrvinnsla úr fundagögnum og miðlun upplýsinga til ferðasala.

Mannamót

Skráning er hafin á **Mannamót Markaðsstofa landshlutanna** sem haldin verða í Kórnum Kópavogi þann 15. janúar 2026. Nú þegar hafa 105 fyrirtæki skráð sig til leiks, þar af 29 frá Suðurlandi. Skráningarfrestur er til 18. desember.

Undirbúningsfundur var haldinn í okt ásamt því að framkvæmdastjóri situr í hóp sem tók að sér að vinna siða- og vinnureglur fyrir viðburðinn. Þær hafa verið sendar á og samþykktar af forstöðumönnum Markaðsstofa landshlutanna.

Blaðamenn og áhrifavaldar

Mikið hefur verið um komur blaðamanna undanfarið og má aukningu í því að stórum hluta rekja til þeirrar öflugu PR vinnu sem hófst hjá Íslandsstofu í upphafi árs í samvinnu við FINN Partners og Markaðsstofur landshlutanna. Við upplifum mikinn áhuga frá öllum þeirra mörkuðum og hefur Eldfjallaleiðin reynst heilladrjúg leið til upplifunar og efnissköpunar um Suðurlandið.

Stóra blaðamannaferðin með frönsku miðlana í október gekk ljómandi vel og erum við spennt að sjá afurðirnar úr ferðinni. Farið var vítt og breytt um Suðurlandið, í fjölbreytta gistingu og afþreyingu sem og allskonar veðri. Var upplifun bæði mjög jákvæð og sterk hjá blaðakonunum fjórum.

Um miðjan október kom til okkar þýskur blaðamaður og ljósmyndari frá Deutche Presse-Agentur og ferðaðist hann um Suðurlandið og alveg austur í Suðursveit. Var hann mjög ánægður með reynsluna og verður spennandi að sjá efnið sem kemur frá honum. Það mun dreifast yfir á alla miðla í Þýskalandi og fær því mjög mikla dreifingu.

Íslandsstofa leggur nú mikla áherslu á að bæta í gagnvart breska markaðinum líkt og sjá má í yfirstandandi herferð þeirra – AURORAS. Bretarnir eru einn stærsti markhópurinn okkar yfir vetrartímann og því einstaklega dýrmætt að ná þeim vel inn aftur. Sem liður í þeirri vinnu fengum við til okkar með skömmum fyrirvara flotta breska blaðakonu sem skrifar fyrir ungt og upprennandi blað í UK sem nefnist *Paper*. Það er búið að bóka tvær greinar um Eldfjallaleiðina í blaðinu og verður spennandi að sjá útkomuna hjá henni. Í þessari ferð er lögð áhersla á það sem er ekta (authentic) og voru gististaðir og afþreying því valin með það í huga að hún fengi sem mest að hitta heimafólk.

Nú stendur yfir skipulagning vegna komu bandarísks áhrifavalds og eiginmanns hennar dagana 8.-14. desember nk. Ferðin er unnin í samstarfi við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og verður lögð áhersla á jólaupplifun og menningu á Íslandi. Mun markaðsstofan fá veglegan myndabanka til eigin nota að heimsókn hennar lokinni, auk þess sem þáttökufyrirtæki munu einnig fá aðgang að því myndefni sem tengjast þeirra þjónustu.

Það er mikilvægt fyrir okkur að fá gott myndefni til að vinna með fyrir miðla markaðsstofunnar og höfum við nú náð samkomulagi um aðgang, eigin vinnslu og birtingarleyfi á öllu myndefni sem tekið var upp í sumar á vegum áhrifavaldins Voyage Prococateur. Sú ferð var unnin í samstarfi við Íslandsstofu og Austurbrú.

Samfélagsmiðlar og vefmál

Vinna við samfélagsmiðlana er alltaf í fullum gangi með tilheyrandi skipulagi og efnissköpun. Undanfarið hefur einnig verið lögð áhersla á að skrifa greinar sem nýtast sérstaklega til að „mata“ Sunnu spjallmennið okkar af réttum upplýsingum. Sunna er alltaf að læra meira og meira enda er markvisst unnið að því að leiðrétta hana þegar svörin eru ekki fullnægjandi og ábendingum um úrbætur komið til Menni.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Forstöðumenn MAS funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði og ræða þá ýmis málefni sem snúa að hópnum sameiginlega eða til að miðla reynslu milli svæða.

Fundur á Vestfjörðum

Fyrirhugaður er sameiginlegur vinnufundur allra markaðsstofanna 12.-13.nóv sem fer fram á Vestfjörðum að þessu sinni. Mikilvægt er fyrir alla starfsmenn að koma saman og ræða sameiginleg verkefni, kynnst betur innbyrðis og ekki síður aðstæðum mismunandi landshluta þegar kemur að ferðaþjónustu. Dagskrá þessa fundar verður þannig að hópurinn hittist á Hólmavík um hádegi, heimsækjum þar nokkur fyrirtæki og kynnumst þeirra starfsemi og verkefnum og höldum svo að Hótel Laugarhóli þar sem við fáum kynningu á þeirra starfsemi og vetrarferðaþjónustu á Ströndum. Forstöðumenn munu funda sérstaklega seinnipartinn. Morguninn eftir verður vinnufundur þar sem fyrst verður rætt um gagnagrunn Ferðamálastofu og í framhaldi mun hópurinn fá kynningu frá Datera á gervigreind, upplýsingar um vef- og gervigreindarbestun.

Ratsjá

Ratsjain fyrir starfsfólk Markaðsstofa landshlutanna hóf göngu sína þann 29. október sl. og verður vinnustofan keyrð í fjórum lotum fram til 10. febrúar nk. Grunnstef í hugmyndafræði

Ratsjárninnar gengur út á það að efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun í íslenskri ferðaþjónustu og verða þemu lotanna eftirfarandi:

1. Skilningur á ferðamanninum og samkeppnishæfni
2. Nýsköpun, hönnun og upplifun
3. Tækni og sjálfbærni sem drifkraftar
4. Fólkið, samskipti og framkvæmd

Framkvæmd Ratsjárninnar er í höndum Íslenska ferðaklasans og RATA. Verða þrjár fyrstu loturnar kenndar í gegnum fjarfundabúnað en stefnt er að staðvinnu í fjórðu og síðustu lotunni. Ratsjárnin nýtist sem endurmenntun fyrir starfsmenn Markaðsstofanna.

Menntamorgnar ferðaþjónustunnar

Yfir vetrartímann standa MAS, Samtök ferðaþjónustunnar og Hæfnisetur ferðaþjónustunnar saman að menntamorgnum. Fyrsti menntamorguninn bar yfirskriftina „Sögur sem selja – upplifun og sagnalist í ferðaþjónustu“ og var haldinn þann 7. okt. sl. Eins og greint var frá á síðasta fundi þá á hún Vala Hauksdóttir starfsmaður Markaðsstofu Suðurlands sæti í stýrihóp Menntamorgna, og kom hún að skipulagi næsta menntamorguns sem verður haldinn þann 19. nóv. nk. Þar verður veitt innsýn í ferðavenjur Y og Z kynslóðarinnar – frá fyrstu hugmynd á skjánum til síðustu stjörnugjafar á netinu. Einnig verður skoðað hvernig samfélagsmiðlar og ný tækni móta hegðun ferðamanna og hvernig fyrirtæki geta brugðist við með snjöllum lausnum og innblæstri.

Samstarf við sveitarfélög

Undanfarið hafa uppbyggingarverkefni sveitarfélaga í áfangastaðáætlun fyrir árið 2026 verið uppfærð í samræmi við kröfur Framkvæmdasjóðs. Einnig hefur verið veitt aðstoð vegna gerð umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Þá voru erindi með ósk um samstarf á ný send á þau sveitarfélög sem hafa ekki verið í samstarfi við markaðsstofuna undanfarið, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjar. Bæði sveitarfélög hafa mótttekið erindið og verða tekin fyrir.

Samstarf við Ferðamálastofu

Framkvæmdastjóri er í starfshóp um uppfærslu og endurbætur á gagnagrunni Ferðamálastofu og er þar ásamt fulltrúum Ferðamálastofu, Markaðsstofu Norðurlands og Origo. Fundað verður vikulega til að byrja með.

Verkefnastjórar áfangastaðáætlana um allt land áttu fund með nýjum forstöðumanni þróunar hjá Ferðamálastofu. Góður fundur þar sem við fengum tækifæri til að segja hvað skiptir okkur máli í þessu samstarfi um áfangastaðáætlanir, rannsóknir og fleira.

Hófum samtal um málþing og vinnustofur í tengslum við gjaldtöku á ferðamannastöðum. Lögðum áherslu á að sú vinna þyrfti að hefjast í vetur.

Framundan er svo annar stöðufundur Markaðsstofunnar og Ferðamálastofu þar sem fyrrum og nýi forstöðumaður þróunar- og þjónustusviðs mæta á Suðurlandið í desember.

Samstarf við Íslandsstofu

Markaðsherferð

Þann 22. október fór ný herferð fyrir áfangastaðinn Ísland í loftið sem ber heitið The A.U.R.O.R.A.S. - The Alliance of Ultra Reliable Observers Ready for Aurora Spotting þar sem skrautlegur hópur alþjóðlegs áhugafólks hefur valið að koma til Íslands í leit að norðurljósum.

Myndbandið er hluti af aðgerðum markaðsverkefnisins Ferðapjónusta til framtíðar sem Íslandsstofa framkvæmir fyrir hönd íslenskrar ferðapjónustu og fjármagnað er af íslenskum stjórnvöldum. Íslandsstofa hélt kynningarfund á netinu þar sem myndbandið var frumsýnt.

Einkum var lögð áhersla á að sækja á Bretlandsmarkað að þessu sinni, en Bretar eru einn mikilvægasti markhópur íslenskrar ferðapjónustu, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Þróunin í ár sýnir minnkandi eftirspurn yfir vetrartímabilið en sterkari eftirspurn yfir sumarið. Þessi sveifla undirstrikar mikilvægi þess að viðhalda markvissri nálgun og sýnileika á Bretlandsmarkaði líkt og á öðrum mörkuðum þar sem áhersla er lögð á að kynna Ísland sem heilsárs áfangastað.

PR

Almannatengslastofan Finn Partners fengu sendar fréttir og blogg af Suðurlandi ásamt myndefni. Framundan er að vinna efni sem nýtist þeim einnig fyrir næsta ár en það er að setja fram áherslur Suðurlands fyrir árið ásamt topp 5 „to do“ hverrar árstíðar.

Áfangastaðaaætlun og tengd verkefni

Nú hefur áfangastaðaaætlun Suðurlands formlega verið færð yfir á vefsíðuform og er komin í birtingu sem er mikið fagnaðarefni. Efni áætlunarinnar er nú mun aðgengilegra en var, auk þess sem vefútgáfan auðveldar reglulegar uppfærslur. *Hægt er að skoða vefinn nánar hér:* [Áfangastaðaaætlun \(www.south.is/afangastadaaaetlun\)](http://www.south.is/afangastadaaaetlun).

Nýr starfsmaður er tekinn við sem forstöðumaður þróunar hjá Ferðamálastofu og hefur verið fundað með honum. Framundan er svo undirbúningsvinna fyrir uppfærslu áætlunarinnar á næsta ári.

Samstarf við SASS

Gerð var samantekt um tvö áhersluverkefni fyrir starfsáætlun/skýrslu SASS sem unnin var fyrir ársfund SASS í lok október.

Áttum góðan fund um vefmál og fleira með nýjum byggðapróunarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu, Raket Theodórsdóttur.

Framundan er að funda með byggðapróunarfulltrúum að ósk SASS og svo er frestur til að skila inn tillögum að áhersluverkefnum fyrir árið 2026 til 17. nóvember nk.

Innra starf

- Unnið að því að straumlínulaga samstarfið innanhúss með því að halda utan um samskipti, verkefni og fundi á einum stað. Einnig verður unnið að því að ferla ákveðin verkefni.
- Fundað var með nokkrum nýjum samstarfsaðilum Markaðsstofunnar.
- Framkvæmdastjóri átti stöðufund með bókara um miðjan mánuð.
- Fréttabréf voru send út, bæði til innlendra og erlendra samstarfsaðila (mismunandi efni).

- Framundan er vinna við starfs- og fjárhagsáætlanir fyrir 2026.

Ýmsir aðrir fundir og viðburðir sóttir

- Ferðapjónustudagurinn – viðburður á vegum SAF
- Viðtal við fræðimenn hjá Háskóla Íslands sem eru að rannsaka samvinna áfangastaðastofa og sveitarfélaga varðandi stefnumótun í ferðapjónustu.
- Samráðsfundur fyrir stjórnarfund Vatnajökulspjóðgarðs

Önnur mál

- Samkvæmt dagskrá er vinnufundur með stjórn settur mánudaginn 1. desember. Ákveðið að færa til miðvikudagsins 3. desember til þess að allir starfsmenn hafi kost á að taka þátt í vinnufundinum. Áætlað að fundartíminn verði frá kl. 11-15 en nánari upplýsingar um það verða sendar út síðar. Stjórn ræddi umfjöllunarefni og mun starfsfólk markaðsstofunnar setja upp dagskrá.
- Samkvæmt samþykktum Markaðsstofunnar skal fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands annað hvort vera eigandi eða stjórnandi í einu samstarfsfyrirtækja Markaðsstofu Suðurlands. Í ljósi þess að Fannar stjórnarformaður hefur hætt störfum hjá Fontana hefur verið ákveðið að Sveinn Heiðar varaformaður gegni formennsku á næsta stjórnarfund. Rætt verður við varamenn í stjórn um að taka sæti Fannars í aðalstjórn.

Fundi slitið kl. 10:55